

Nr. 007 / 10 Rifsnes SH 44***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1136
Smíðaður: Noregi 1968, Stál
Stærð: 236,7 brl. 372 bt.
Mesta lengd: 38,05 m Skráð lengd: 35,42 m
Breidd: 7,78 m Dýpt: 6,25 m
Vél: Caterpillar 746 kW, 1980
Fjöldi skipverja: 14



Rifsnes©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNS
Lögregluskýrslur

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. desember 2009 var Rifsnes SH 44 á línuveiðum í Kolluál um 50 sml vestur af Öndverðarnesi. Veður: SA 18-23 m/sek., mikill sjór og þung alda.

Skipverji var við vinnu í eldhúsi þegar sjór reið yfir skipið bakborðsmegin og lagði það snögg yfir á stjórnborðshlið. Skipverjinn hentist út í stjórnborðssíðu og sjóðandi vatn gusaðist upp úr potti, í skorðum á eldavélinni, og yfir vinstri fót hans.

Fóturinn var kældur og gert að brunasárum hans, vinnusvæðið hreinsað og hélt slasaði áfram vinnu sinni.

Rúmum einum og háfum tíma síðar reið aftur sjór yfir bakborðssíðuna og kastaði slasaða yfir til stjórnborða. Í fallinu skorðaðist hægra hné á milli styrktarstoðar og veggs um leið og hann féll í gólfið. Hann kenndi mikils sársauka í hnénu og var ákveðið að sigla með slasaða til lands og koma honum undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagði að brunasárið á vinstri fætu hafi ekki háð honum við að stíga ölduna. Gólfið hafi ekki verið sleipt en hann hafi kastast til og misst fótanna af því að á vinnusvæðinu var engin handfesta til að gípa í þegar svona snögg og djúp velta kom á skipið;
- að slasaði sagðist ætla að setja upp handfestu (rörboga) innan seilingar á vinnusvæðinu þegar hann kæmi um borð aftur.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slysanna hafi verið sú að skipið hafi verið undir áföllum.